

## 243. fundur fræðslunefndar Mýrdalshrepps

haldinn í Víkurskóla 21. febrúar 2019 kl. 16:00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Fræðslunefnd; Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Anna Björnsdóttir ritari, Pálmi Kristjánsson, Beata Rutkowska, Elín Einarsdóttir skólastjóri, Bergný Ösp Sigurðardóttir skólastjóri og áheyrnarfulltrúarnir Dagný Rut Gretarsdóttir, Salome Þóra Valdimarsdóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir.

### DAGSKRÁ

#### 1. LEIKSKÓLINN MÁNALAND

**Bergný leikskólastjóri fór yfir stöðu mála í leikskólanum;** Sólveig Sigríður Gunnarsdóttir er komin úr barneignarleyfi, nokkrir starfsmenn hafa farið á námskeið m.a. Teacch, vináttunámskeið og Tras-námskeið. Starf hefur verið erfitt undanfarna viku vegna veikinda barna og starfsmanna en starfið er að færast í eðlilegt horf.

**Til samþykktar; Vistunarreglur leikskólans (Viðhengi 1);** Bergný lagði fram nýjustu útgáfu að vistunarreglum Leikskólans og voru þær samþykktar eftir nokkrar umræður.

**Til kynningar og samþykktar, verkefni um snemmtæka íhlutun;** einn starfsdagur bætist við veturinn 2019/2020 sem og 2020/2021, verkefnið samþykkt.

#### 2. VÍKURSKÓLI

**Elín skólastjóri fer yfir stöðu mála í grunnskólanum;** þar kom m.a. fram að sundlaugin er í lamasessi vegna þess að vatnið er ekki nægilega heitt og ekki hægt að kenna sund sem stendur, einnig hefur hitakerfi skólans verið í ólagi en nú eru komnir varahlutir sem vonandi duga. Innleiðing nýrra persónuverndarlaga heldur áfram og einn vinnufundur skólastjóra fór fram fyrir stuttu. Starfsmenn fá kynningu á starfsdegi 6. mars n.k. Mikil framför er hjá nemendum skólans í lesfimi, foreldrakönnun Skólapúlsins stendur yfir og er þátttaka dræm enn sem komið er, þarf 80% þátttöku til þess að niðurstaða gefi rétta mynd. Tveir fundir hafa verið í stýrihóp skólans um Heilsueflandi skóla. Von er á verkefnastjóra Landlæknisembættisins í heimsókn 27. febrúar en hún mun funda með starfsmönnum og stýrihópnum um stöðu verkefnisins hjá okkur. Margt fleira gott að gerast s.s. lífshlaupið, Menntabúðir Suðmennt, dagur stærðfræðinnar, tannverndarvika og skipulag vordaga.

**Önnur mál;** Elín skólastjóri upplýsti að vinna við skóladagatal 2019/2020 væri komin vel af stað. Formaður spurði hvort til stæði að auglýsa stöðu smíðakennara fyrir næsta skólaár. Í kjölfarið var rætt almennt um þá stöðu að ekki sé til staðar kennslustofa né kennari til að sinna smíðakennslu við grunnskólann. Fundi slitið kl. 16:55. Anna Björnsdóttir ritari